

saka óttalaust, hugsa fyrir sig sjálfa og kenna nákvæmlega það sem þeir álitu sannast og réttast.

Háskóli þessi varð brátt voldug og áhrifamikil mentastofnun og frelsisandi sá, sem þar réði, breiddist viða út. Afleiðingarnar hafa verið hinat beztu. Það eru ekki háskólar, heldur háskólar, sem hafa frelsi, er geta hafið þjóðirnar upp. Mentunin er næstum almáttugt afl, en mentunin getur eyðilagt eins og hún getur bygt upp. Hún getur fjötrað og hún getur leyst úr fjötrum og gert lífið stærra. Jesúita mentun hlekkjar og eyðileggur frelsi. En þýzka þjóðin hefir verið nógur vitur til að gera háskóla sína að mestu leyti frjálsa. Þess vegna hafa þeir verið og líta út fyrir að verða enn betur í framtíðinni hið voldugasta afl þjóðinni til sannrar frelsunar. Í þessu frjálslyndi háskóljanna liggur aðalvonin um frjáls trúarbrögð á Þýzkalandi. Orþodoxir guðfræðingar bæði kaþólskir og mótmælendur hafa barist á móti þessu frelsi. Vegna frjálslyndis síns hafa háskólarnir oft verið nefndir gróðrarstíð skynsemistrúar og trúleysis og óvinir kristindómsins. En frá rýmra og vísindalegu sjónarmiði skoðað eru þeir sterkt og um leið nauðsynlegt afl til þess að frelsa kristindómiðn frá þrældómsfjötrum til að hreinsa hann af röngum og skaðlegum kenningum, og veita honum stærra, sterkara og göfugra líf.

Háskólarnir hafa með áhrifum sínum gert trúarbrögðin frjálsari á margan hátt. Þeir hafa fært þeim ljós úr mörgum áttum. Það getur ekki leikið neinn vafi á því, að heimspekið nám í þýzku háskólunum, frá Kant til þessa dags, hefir miðað til að gera menn frjálslynda. Hið sama mætti einnig segja um sögunámið og jafnvel enn þá fremur um nám næstum allra annara vísindagreina.

Pegar til guðfræðisnámsins kemur byrjar auðvitað mótsstaðan. Afturhaldssamir menn eins og t. d. Hengstenberg, sem ófáanlegir eru til að viðurkenna að nokkurt nýtt ljós hafi skinið á guðfræðina síðan Lúter og Kalvin voru uppi, hafa barist fyrir að halda hinum gömlu kenningum óbreyttum, menn sem hafa verið dálitið víðsýnni og ekki eins kreddufastir, svo sem Dorner, hafa barist fyrir því sama. En þegar á alt er